

Lóðarleigusamningur

Undirritaður, **Hrunamannahreppur, kt: 640169-2309** nefndur leigusali og **Hrunamannahreppur kt. 640169-2309, Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Bláskógabyggð, kt. 510602-4120, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Flóahreppur, kt. 600606-1310 og Ásahreppur, kt. 430169-0339** nefndir leigutakar gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Samkvæmt samningi þessum leigir leigusali leigutaka lóðina **Flatholt 2, Flúðum, Hrunamannahreppi, landnúmer 166778, fastanúmer 228734**. Lóðin er að flatarmáli 15.585m² og er lega hennar, lögun og takmörk eins og sýnd er á meðfylgjandi lóðarblaði dags. 20. maí 2019 sem unnið er af Landformi.

Lóðin er leigð til 50 ára frá dagsetningu þessa leigusamnings.

2. gr.

Leigutaki greiðir alla skatta, skyldur og gjöld sem lögð eru eða verða lögð á hina leigðu lóð sem gjaldstofn og mannvirki er á henni standa, samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru eða seinna verða sett.

3. gr.

Ársleiga er ákveðin af sveitarstjórn Hrunamannahrepps fyrir hvert fjárhagsár og er nú **0,5%** af fasteignamati allrar lóðarinnar. Leiguna skal greiða ár hvert, með öðrum fasteignargjöldum, á þeim gjalddögum, sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga, er leigusala heimilt að láta selja hús og mannvirki, svo og leigurétt á opinberu uppboði henni til lúkningar, ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, án dóms, sáttar eða aðfarar sem lögveð skv. 6. gr. laga nr. 90/1991, eða ef hann kys svo taka þær fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar skv. lögum nr. 29/1885 og 1. gr. laga nr. 90/1989.

4. gr.

Leigutaka er heimilt að selja og veðstetja leigurétt sinn að lóðinni í heild ásamt húsum þeim og mannvirkjum sem á henni verða gerð. Sala skal tilkynnt leigusala um leið og hún hefur farið fram. Réttur veðhafa til veðs sem kann að hvíla á lóð og mannvirkjum á lóðinni skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki hafi ekki fullnægt skuldbindingum þeim, sem hann hefur undir gengist gagnvart leigusala með þessum leigusamningi, enda hvíli skuldbindingar á lóðinni og færast yfir á veðhafa eða aðra sem öðlast leiguréttinn úr höndum hins upphaflega leigutaka. Brot á leigusamningnum varðar því þá, sem síðar fá lóðina til afnota, hinum sömu viðurlögum og hinn upphaflega leigutaka.

5. gr.

Nú telur leigusali að nauðsynlegt sé að leggja vatns-, hitaveitu-, rafveitu-, ljósleiðara-, fráveitulagnir eða aðrar lagnir um lóðina, og er henni það heimilt, án þess að greiða bætur fyrir jarðrask eða annað, enda sjái leigusali um að koma lóðinni í samt lag aftur.

6. gr.

Leigutaka er skylt að halda hinni leigðu lóð hreinni og snyrtilegri og flytja af henni allt, sem til óþrýði er. Fullnægi leigutaki ekki ákvæðum þessarar greinar er leigusala heimilt að láta vinna verkið á kostnað leigutaka og eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Brjótí leigutaki í einhverju ákvæði þessa samnings, þá er leiguréttur hans til lóðarinnar fallinn úr gildi og lóðin fallin aftur til sveitarfélagsins.

8. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

9. gr.

Við undirritun þessa samnings fellur úr eldri óþinglýstur afnotasamningur milli aðila dags. 14.01.2015.

Leigutaki greiðir kostnað við þinglýsingu á samningi þessum og stimpilgjöld. Af samningi þessum eru gerð sex samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar.

Til staðfestu undirrita landeigandi og leigutaki nöfn sín í viðurvist tveggja votta.

Flúðum / 2020

f.h. Hrunamannahrepps

Ég undirritaður leigutaki geng að framangreindum leiguskiðmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri

f.h. Hrunamannahrepps

f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

f.h. Bláskógabyggðar

f.h. Skeiða- og Gnúpverjarhrepps

f.h. Flóahrepps

f.h. Ásahrepps

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði útgefanda

.....

kt:

.....

kt: